



Reykjavík, 3. febrúar 2026
PON23110040

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

Efni: Staða skjalamála hjá Reykjavíkurborg 2026: Samantekt, stöðumat og næstu verkefni

Minnisblað þetta dregur saman stöðu skjalamála hjá Reykjavíkurborg árið 2026, með sérstaka áherslu á niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands (ÞÍ) frá árinu 2025. Könnunin beindist að miðlægum sviðum borgarinnar, sem kalla má sveitarstjórnarskrifstofur, og lagði mat bæði á fylgni við lög og reglur og stöðu skjalastjórnunar með hjálp matskvarða.

Niðurstöður eftirlitskönnunar sýna að Reykjavíkurborg er á þroskastigi 3, af 4 mögulegum, sem stendur fyrir faglega skjalavörslu og skjalastjórn. Borgin fékk 17 stig af 25 mögulegum í könnuninni árið 2025 en myndi nú mælast með 19 stig og telst því hafa komið sér upp traustum ferlum fyrir skjalastjórn, þó vissum kröfum sé enn ófullnægt. Í eftirfylgnibréfi ÞÍ, móttækið 7. janúar 2026, er tilmælum beint til Reykjavíkurborgar um endurbætur á þremur atriðum.

Sé horft til framtíðar er mikilvægt að halda áfram að þróa og efla rafræna skjalastjórn, með áherslu á örugga varðveislu bæði stafrænt og á pappír. Reglubundin innri eftirfylgni og utanaðkomandi úttektir verða lykilatriði til að viðhalda og efla stöðu borgarinnar sem leiðandi sveitarfélags í fyrirmyndaskjalastjórnun. Fram undan eru stór verkefni. Koma þarf starfseiningum Reykjavíkurborgar í faglega skjalavörslu, fyrir liggur umfangsmikil þökkun, frágangur og langtímavarðveisla bæði á pappírssöfnum og rafrænum gagnasöfnum. Einnig þarf að flygja eftir sífelldri, stöðugri ítrun og viðhaldi faglegrar upplýsinga- og skjalastjórnunar í takt við þróun stjórnsýslu og stafrænnar tækni.

Staða Reykjavíkurborgar samkvæmt eftirlitskönnun ÞÍ 2025

Þjóðskjalasafn Íslands framkvæmdi eftirlitskönnun um skjalastjórnun sveitarstjórnarskrifstofa í febrúar 2025. Könnunin náði til þess hluta Reykjavíkurborgar sem kalla má sveitarstjórnarskrifstofur, þ.e. miðlægra stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem nær utan um miðlægar skrifstofur kjarna- og stoðsviða: Miðlæg stjórnsýsla, skóla- og frístundasvið, menningar- og íþróttasvið, umhverfis- og skipulagssvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið, velferðarsvið, fjármála- og áhættustýringasvið, mannauðs- og starfsumhverfissvið og innri endurskoðun og ráðgjöf. Könnun nær ekki utan um starfseiningar Reykjavíkurborgar utan starfseininga kjarna- og stoðsviða.

Markmið könnunarinnar er að gefa ÞÍ yfirsýn yfir fylgi við lög og reglur, meta ástand skjalastjórnunar almennt, meta umfang pappírsskjala, rafræna varðveislu og fá yfirlit yfir skjalavörslu- og stjórn einstakra aðila. Kynning á meginniðurstöðum hennar yfir



sveitarfélög fór fram á fundi stafræns ráðs þann 12. nóvember 2025, sbr. 1. lið fundargerðar ráðsins s.d.

Niðurstöður Reykjavíkurborgar

Eftirlitskönnun ÞÍ byggir á 75 spurningum sem endurspeglar kröfur til afhendingarskyldra aðila. Niðurstöður sveitarfélaga eru settar í samanburðarhæft form milli aðila, með mælikvarða yfir þroskastig skjalavörslu og skjalastjórnunar. Á þann hátt er hægt að fylgjast með þróun skilaskyldra aðila milli eftirlitskannana. Þroskastig eru fjögur, frá 0 (engri meðvitaðri skjalastjórn upp) upp í 4 með fyrirmyndaskjalavörslu. Á bak við þroskastigin eru 25 stig sem þarf að uppfylla til að fá fullt hús (sjá nánar: <https://island.is/throskastig>). Sveitarfélögin 15 sem svöruðu könnuninni reyndust vera á bilinu 1-3 þroskastig.

Samkvæmt niðurstöðu eftirlitskönnunarinnar mældist Reykjavíkurborg á þroskastigi 3 (15-19 stig) með 17 stig, svokallaða faglega skjalavörslu og skjalastjórn.

Stigagjöf við framkvæmd eftirlitskönnunar í febrúar 2025 sbr. kynningu á niðurstöðum í október 2025:

1. Notar afhendingarskyldur aðili málalykil við flokkun málafns? **Já**
2. Hefur málalykill verið samþykktur af Þjóðskjalasafni? **Nei**
3. Skráir afhendingarskyldur aðili upplýsingar um mál í samræmi við 3. gr. reglna um skráningu mála og málsgagna? **Já**
4. Skráir afhendingarskyldur aðili upplýsingar um málsskjöl í samræmi við 4. gr. reglna um skráningu mála og málsgagna? **Já**
5. Notar afhendingarskyldur aðili rafrænt gagnasafn með skjölum við skjalavörslu og skjalastjórn? **Já**
6. Hefur rafrænt gagnasafn verið tilkynnt til Þjóðskjalasafns?
7. Hefur rafrænt gagnasafn verið samþykkt af Þjóðskjalasafni? **Já**
8. Eru til notkunarreglur eða handbækur um notkun rafræna gagnasafnsins? **Já**
9. Hafa rafræn gagnasöfn án skjala verið tilkynnt til Þjóðskjalasafns? **Já**
10. Aukastig - Hafa öll rafræn gagnasöfn verið tilkynnt? **Nei**
11. Hefur úrelt gagnasöfn verið tilkynnt? **Nei**
12. 0, ekkert úrelt gagnasafn til staðar. **Nei**
13. Eru rafræn gögn sem ber að varðveita á pappír prentuð út? **Nei**
14. Er skjalavarslan orðin rafræn (t.d. með samþykki á rafrænu gagnasafni)? **Já**
15. Er notaður pappír sem uppfyllir staðla? **Já**
16. Vinnur stofnun eftir skjalavistunaráætlun? **Já**
17. Er skjalavistunaráætlunin samþykkt af Þjóðskjalasafni? **Nei**
18. Hefur afhendingarskyldur aðili grisjað skjöl skv. heimild í 24. gr. laga um opinber skjalasöfn? **Já**
19. Eru sérstakar skjalageymslur til staðar? **Já**
20. Hafa skjalageymslur stofnunar verið samþykktar af Þjóðskjalasafni? **Nei**
21. Hefur afhendingarskyldur aðili afhent öll pappírsskjöl eldri en 30 ára til Þjóðskjalasafns? **Nei**
(0, afhendingarskyldur aðili hefur ekki náð 30 árum. **Nei**)
22. Hefur skjalastjóri/starfsmaður við skjalavörslu sótt námskeið Þjóðskjalasafns? **Já**
23. Hefur skjalastjóri/starfsmaður við skjalavörslu sótt öll námskeið í boði? **Já**
24. Er stuðst við reglur og leiðbeiningar ÞÍ? **Já**
25. Er starfandi skjalastjóri við stofnunina? **Já**



Reykjavík



Mat á þroskastigi skjalastjórnunar hjá Reykjavíkurborg 2026:

Þegar eftirlitskönnun ÞÍ fór fram hafði Reykjavíkurborg þegar sent inn uppfærða tilkynningu um skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar í samræmi við þær miklu og víðtæku breytingar sem höfðu orðið frá samþykki til rafrænnar skjalavistunar 2019-2020. Þar var einnig send til samþykkis bæði endurskoðaður málalykill og skjalavistunaráætlun. Samþykki fyrir hvoru tveggja lá fyrir á vormánuðum 2025 en var ekki tekið inn í niðurstöður eftirlitskönnunar sem birt var nokkrum mánuðum síðar. Eftirfarandi breytingar hafa því orðið síðan í febrúar 2025:

2. Hefur málalykill verið samþykktur af Þjóðskjalasafni? **Já**
16. Er skjalavistunaráætlunin samþykkt af Þjóðskjalasafni? **Já**

Að gefnum þessum breytingum stendur stjórnsýsla Reykjavíkurborgar í 19 stigum og er skjalastjórnun því á efstu mörkum faglegrar skjalavörslu og skjalastjórnunar, einu stigi frá fyrirmyndaskjalavörslu.

Meðfylgjandi er tafla yfir þroskastig sveitarstjórnarskrifstofa á Íslandi í eftirlitskönnun ÞÍ 2025:



Listi yfir þroskastig

- Þroskastig 0 - Engin meðvituð skjalavarsla og skjalastjórn. 0 – 4 stig.
- Þroskastig 1 - Ófullnægjandi skjalavarsla og skjalastjórn. 5 – 9 stig.
- Þroskastig 2 - Hefðbundin skjalavarsla og skjalastjórn. 10 – 14 stig.
- Þroskastig 3 - Fagleg skjalavarsla og skjalastjórn. 15 – 19 stig.
- Þroskastig 4 - Fyrirmyndarskjalavarsla og skjalastjórn. 20 – 25 stig.

Heiti	Stigafjöldi	Þroskastig
Reykjanesbær	18	3
Suðurnesjabær	18	3
Snæfellsbær	17	3
Grindavíkurbær	17	3
Reykjavíkurborg	17	3
Seltjarnarnesbær	16	3
Vesturbyggð	15	3
Sveitarfélagið Vogar	15	3
Garðabær	14	2
Reykholahreppur	13	2
Strandabyggð	12	2
Kópavogsbær	12	2
Hafnarfjarðarkaupstaður	11	2
Grundarfjarðarbær	10	2
Kaldrananeshreppur	5	1

Eftirfylgni við eftirlitskönnun 2025, 7. janúar 2026

Reykjavíkurborg barst bréf 7. janúar 2025 með ábendingum um atriði sem ekki eru til staðar í könnun. Þar segir: „eftirfarandi atriði eru ekki til staðar fyrir skjalasafn ykkar“. Sum þessara atriða eru talin vera til þess fallin að upplýsingar tapist og valdi óafturkræfum skaða skv. áhættumati Þjóðskjalasafns Íslands. Kröfur í lögum um opinber skjalasöfn og reglum þar að lútandi kveða á um að þessi atriði séu til staðar:

- **Hefur ekki samþykkt skjalageymslu** í samræmi við ákvæði um vernd skjala skv. 4. mgr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn.
- **Hefur ekki tilkynnt úrelt gagnasafn** í samræmi við Reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila nr. 877/2020.
- **Hefur ósamþykkt skjalavistunaráætlun** sem er ekki í samræmi við Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila.

Fjallað er um undirbúning og aðgerðaráætlun vegna athugasemda síðar í minnisblaðinu.



Þróun skjalamála í starfseiningum Reykjavíkurborgar - Eftirlitskönnun Borgarskjalasafns 2017

Borgarskjalasafn Reykjavíkur (BsR) gerði viðamikla eftirlitskönnun um ástand skjalastjórnunar og skjalavörslu hjá Reykjavíkurborg um mitt árið 2017 sem kynntar voru síðla árs 2018 (R18110052/R19010003) og lagðar fram í borgarráði þann 7. mars 2019, sbr. 43. lið fundargerðar ráðsins s.d. Áður hafði verið gerð könnun árið 2013. Eftirlitskönnunin var í grunninn sambærileg við kannanir þá nema á þeim tíma var skilgreining BsR á afhendingarskyldum aðila frábrugðin að því leyti að hvert svið, stofnanir, einingar og jafnvel skrifstofur voru skilgreindar sem sérstakir aðilar. Könnunin tilgreinir því 203 afhendingarskylda aðila. Megin niðurstöður voru að skjalamál væru ekki í lagi innan starfseininga Reykjavíkurborgar. Helstu tillögur voru að komið yrði á samræmdu skjalavistunarkerfi, forstöðumenn og stjórnendur þekktu skyldur í skjalamálum og að Borgarskjalasafn Reykjavíkur yrði eft. Til viðbótar var lagt til sem forsendur varðandi úrbætur: fjármagn til fjárfestinga í skjalavörslukerfum, auka almenna þekkingu á lagakröfum, hvetja og leiðsega um umbætur í skjalavörslu og skjalamálum, auka aðgengi að faglegri þekkingu og aðstoð og fjölga sértækum starfsmönnum með þekkingu á málaflokknum.

Áætlun þroskastiga skjalastjórnunar Reykjavíkurborgar 2017

BsR notaðist ekki við þroskastig skjalastjórnunar eins og ÞÍ hefur gert síðan 2012. Með því að skoða niðurstöður og niðurbrot eftir flokkun starfseininga í skýrslunni er hægt að áætla hvernig þroskamat hefði komið út sameiginlega fyrir miðlægar skrifstofur stoð- og fagsviða sem eftirlitskönnun ÞÍ náði til 2025.

Áætlun þroskastiga skjalastjórnunar stjórnsýslunnar 2017 í eftirlitskönnun Borgarskjalasafns: 13 stig, þroskastig 2: Hefðbundin skjalavarsla og skjalastjórnun.

Þróun skjalastjórnunar hjá Reykjavíkurborg 2017-2026: Samantekt

2017 - 2019: Eftirlitskönnun Borgarskjalasafns 2017 gerir alvarlegar athugasemdir við stöðu skjalamála hjá Reykjavíkurborg bæði hjá sviðum og starfseiningum.

2019: Þjónustu- og nýsköpunarsvið stofnað með umsýslu gagna-, skjalastýringar og Borgarskjalasafns á einu miðlægu stoðsviði. Fjármagn sett í ný upplýsingakerfi og innleiðingu nýs kerfis, Hlöðunnar. Ráðning fleiri sérfræðinga á sviði skjalastjórnunar. Gengið frá samningi við Hugvít um upplýsinga- og skjalakerfið GoPro Foris, nefnt Hlaðan. Unnið var að endurskoðun og gerð málalykla, undirbúningur undir innleiðingu Hlöðunnar og unnið að úrbótaáætlun.

2020: Deild upplýsinga- og skjalastýringar vinnur að innleiðingu Hlöðunnar og innleiðing hefst á ÞON og Borgarskjalasafni. COVID-19 og aðrir umhverfispættir hægja á verkefninu. Fyrsta útgáfa tilkynnt til Borgarskjalasafns og samþykki fæst fyrir rafrænum skilum á varðveislútgáfum. Samvinnuverkefni um skjalamál á Velferðarsviði og Umhverfis- og skipulagssviði um skönnun og skráningu fara af stað og undirbúningur fyrir skönnun á séruppráttum í teikningasafni byggingafulltrúa hefst.

2021: Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar tekur til starfa í samræmi við aukin verkefni og vægi málaflokksins. Ákveðið var að endurnýja ekki skjalastefnu heldur undirbúa stafræna stefnu. Rafrænar undirritanir eru innleiddar. Innleiðingaáætlun Hlöðunnar var endurskoðuð frá grunni með áherslu á eitt kerfi fyrir eina stjórnsýslu með einn samræmdan málalykil og var gefin út ný innleiðingaráætlun sem náði ekki eingöngu



Reykjavík



til Hlöðunnar heldur til ferla og vinnulags starfsfólks (1. áfangi). Aukin áhersla á tækifæri í stafrænni umbreytingu skjalamála. Farið var í undirbúning á að fasa út eldri skjalakerfum sem voru víða í notkun og vörustýring Hlöðunnar var innleidd. Teikningaskönnunarverkefni byggingarfulltrúa hefst.

2022: Stór skref stigin í innleiðingu Hlöðunnar: skjalavistunarkerfi, samninga- og fundaviðmót innleitt á stoðsviðum. Innleiðing átti sér stað á MSS, MOS, FAS, USK, MOF, SFS, VEL og ÍTR og fundamsjónarkerfi innleitt þvert á borgina. 1. áfanga innleiðingar lýkur.

2023: Áframhaldandi eftirfylgni innleiðinga og aðrar einingar og starfseininga sviða (2. áfangi): Innri endurskoðun og ráðgjöf og starfseiningar á USK, MOF og ÍTR. Innleiðing á Smiðjunni, viðmóts byggingarfulltrúa í Hlöðunni og útfösun notkunar Erindreka kerfisins. Ákvörðun um að leggja niður Borgarskjalasafn. Áhersla á samræmingu reglna og leiðbeininga um skjalastjórn Reykjavíkur. Samþættingarverkefni við Hlöðuna hefjast. 3. áfangi hefst við aðrar starfseiningar og samþættingar við Hlöðuna til að hagnýta lausnir og auka skilvirkni í stjórnsýslunni. Útfösun eldri skjalastjórnunarbrunna.

2024: Endurskoðun stýriskjala skjalastjórnunar í stjórnsýsluhúsum og frekari samræming á leiðbeiningum: 3. áfangi innleiðingar: starfseiningar SFS og VEL: t.d. leikskólar. Framþróun innleiðinga hjá USK. Skönnunarverkefni byggingarfulltrúa lýkur. ÞON tekur við samskiptahlutverki við ÞÍ og afhending skjala til ÞÍ hefst. Ráðgjafahlutverk Borgarskjalasafns flyst til ÞON. Unnið að endurskoðun og mótun á umsýslu myndefnis og stafrænni miðlun.

2025: Eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns framkvæmd, þroskastig 3 staðfest. Samþykkt skjalavistunaráætlana, reglna og málalykla. Yfirsýn yfir málaflokkinn yfir Reykjavíkurborg í heild og frágangur gagnageymsla á pappír og í rafrænu formi hafinn. Starfseiningar innleiddar í Hlöðuna: Grunnskóli og frístund. 3. áfangi heldur áfram. Innleiðing HMS tengingar við byggingarfulltrúa. Aukin áhersla á skjalastjórnun í víðara samhengi en skjalavistunarkerfi. Aðkoma að verkefnum á sviðum sem tengjast upplýsinga og skjalamála, svo sem uppbygging gagnalandslags og skráarvistunarkerfa s.s. drif og Office 365 umhverfið (þ.m.t. SharePoint). Verkefni um stafræna miðlun og varðveislu hefst.

Áhersla í verkefnum skjalastjórnunar fyrir árið 2026

- Staðfesting reglna um skjalastjórnun.
- Innleiðing 3. áfanga í starfseiningar: Leikskólar og frístund.
- Stýriskjöl skjalastjórnunar í starfseiningum sviða ss. SFS, USK og VEL.
- Samræming ferla í stjórnsýslu og vistun varðveisluskjala (notkun Hlöðunnar).
- Stafrænt myndefni og miðlun þess.
- Undirbúningur rafrænna afhendinga á vörsluútgáfum til ÞÍ.
- Aðgerðaráætlun þroskastigs skjalastjórnunar og viðbrögð við athugasemdum ÞÍ.
 - Afhending skjala eldri en 30 ára
 - Samþykki ÞÍ á skjalageymslum
 - Tilkynningar um rafræn gagnasöfn
 - Tilkynningar um úrelt gagnasöfn
- Þökkun og frágangur pappírssafna verða tilbúin til afhendingar.
- Yfirsýn og stjórn á vinnuskjöllum (Frágangur drifa, umsýsla Office 365, skjala ofl.)



Reykjavík



- Ábyrgð á yfirsýn og umsjón afhentra skjala og nýrra afhendinga til Þjóðskjalasafns (í kjölfar lokunar Borgarskjalasafns).

Upplýsinga- og skjalastjórnun Reykjavíkurborgar 2027-2031

Fyrirliggjandi verkefni liggja ljós fyrir sem hluti af vegferð Reykjavíkurborgar í átt að bættri upplýsinga- og skjalastjórn:

- Innleiðing Hlöðunnar á starfseiningar VEL (4. og síðasti áfangi innleiðingar).
- Aukin áhersla á að bæta skjalastjórnun út fyrir miðlæga stjórnsýslu.
- Afhending rafrænna gagnasafna – Vörsluútgáfur úr öllum rafrænum lykilkerfum Reykjavíkurborgar.
- Frágangur og þökkun allra pappírssafna. Hugsanleg skil til ÞÍ til að verða fyrsti opinberi aðilinn með 100% rafræna skjalavörslu.
- Endurmat á innleiðingu Hlöðunnar. Framlenging eða útboð á skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar.
- Tryggja skilvirka skjalavörslu í takt við tæknibreytingar og þjónustu.
- Hagnýting upplýsinga- og stjórnunar hjá Reykjavíkurborg í þágu þjónustu og þekkingar.
- Sífelld og stöðug ítrun og viðhald faglegrar upplýsinga- og skjalastjórnunar til að tryggja vandaða stjórnsýslu og uppfylla lögbundna kröfu um varðveislu skjala.
- Viðhalda fyrirmyndar upplýsinga- og skjalastjórnun hjá stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og starfseiningum.

Virðingarfyllst,

Óskar Þór Práinsson,
skjalastjóri Reykjavíkurborgar



Reykjavík